

23. mál 2020-2021.

Flutt af Berglindi Hönnudóttur og Þuríði Björgu Wíium Árnadóttur.

**Þingsályktun um hlutdeild ungs fólks
í kirkjustarfi og stjórn Þjóðkirkjunnar á Íslandi.**

Kirkjuþing 2021-2022 ályktar að fylgja skuli eftir, hvað íslensku þjóðkirkjuna varðar, ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku ungs fólks í stjórn aðildarkirkna sambandsins.

Miða skal við að ungt fólk, þ.e. það sem er á aldrinum sextán til þrjátíu og fimm ára, sé að jafnaði minnst tuttugu hundraðshlutar þeirra innan hvernar skipulagsheildar þjóðkirkjunnar sem hverju sinni taka bindandi ákvarðanir, semja áætlanir, skipuleggja starfsemi og hafa kosningarrétt.

Verði því eigi við komið, að tryggja hlutdeild ungs fólks samkvæmt framanskráðu, skal veita fulltrúum þess eðlilegan rétt til áheyrnar, málfrelsis og framlagningar tillagna.

Kirkjuþing 2021 beinir því til biskups Íslands og forsætisnefndar kirkjuþings að fara yfir eigið skipulag og starfsemi, svo og þær nefndir og önnur fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð sem starfa á þeirra vegum og leggja fram á kirkjuþingi 2022, eftir því sem þurfa þykir, tillögur að nauðsynlegum breytingum á starfsreglum til að ná ofangreindum markmiðum. Ef við á verði verklagsreglum, skráðum jafnt sem óskráðum, eða öðrum sambærilegum heimildum breytt í sama skyni og þær breytingar kynntar kirkjuþingi 2022.

Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021